

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B Grandi á Vopnafirði Vopnafjörður



Dags eftirlits	27.10.2014	Fulltrúi UST	Leifur Þorkelsson
Fyrirtæki	H.B Grandi á Vopnafirði	Fulltrúi UST	
Heimili	Hafnarbyggð	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjòlsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Jörgen Sverrisson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	691171,367 590414,525

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram í eftirlitsferðinni. Gerð var athugasemd við það að niðurstöðum mælinga á fráveituvatni hefur ekki verið skilað. Afköst verksmiðjunnar hafa aukist með tilkomu nýrra og endurbættra tækja. Verksmiðjan starfar samkvæmt nýju starfsleyfi útgefnu 8. október 2014.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Fram kom að nýlega lauk framkvæmdum í verksmiðjunni þar sem afkastageta hennar var aukin með nýjum tækjabúnaði. Samkvæmt nýju starfsleyfi verksmiðjunnar er henni heimilt að framleiða úr 1.150 tonnum af hráefni á sólarhring. Fram kom að verksmiðjan hafði unnið úr 60.000 tonnum af hráefni þegar hún var heimsótt. Engar kvartanir hafa borist vegna starfsemi verksmiðjunnar það sem af er ári.

Tvö frávik komu fram í síðustu eftirlitsskýrslu, annars vegar hafði hávaði frá verksmiðju ekki verið mældur, hinsvegar mældist of mikil fita í fráveituvatni. Í kjölfar eftirlitsferðarinnar samþykkti Umhverfisstofnun úrbótaáætlun sem gerði ráð fyrir að hávaði frá verksmiðju yrði mældur í ársbyrjun 2014 og að frárennismælingar færu fram í júlí sama ár. Niðurstöðum mælinga á hávaða var skilað maí sl. Fráveitusýni var tekið sl. sumar en niðurstöður úr því lágu ekki fyrir þegar verksmiðjan var heimsótt.

Samhliða frárennismælingum var hraði útblásturslofts frá skorsteini mældur og hávaði frá verksmiðjunni mældur á nýjan leik. Beðið er eftir skýrslum frá verksfræðistofu með niðurstöðum mælinganna.

Grænu bókhaldi vegna ársins 2013 hefur verið skilað. Í því koma m.a. fram þær skráningar sem gerð er krafa um í grein 3.1 í starfsleyfi. Hitastig og TVN í hráefni er mælt reglulega og eru niðurstöður mælinga aðgengilegar.

Gegnið var um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Gólf verksmiðjunnar voru hrein og þurr, allt umhverfi hennar var snyrtilegt og hvergi voru ummerki um mengun.

ATHUGASEMDIR

Gerð var athugasemd við að niðurstöðum mælinga á fráveituvatni hefur ekki verið skilað, sýnataka hefur þó farið fram. Úrbótaáætlun verksmiðjunnar vegna frávika í síðustu eftirlitsskýrslu gerði ráð fyrir að sýnataka færi fram í júlí.

ANNAÐ

Vakin er athygli á því í grein 2.9. í nýju starfsleyfi eru sett losunarmörk fyrir losun í útblæstri frá olíubrennara. Mælingar ryki í útblæstri allra olíubrennara þarf að framkvæma fyrir árslok 2015 skv. grein 3.2

Vakin er athygli á því að í skv. grein 3.3. ber rekstararaðila nú að færa útstreymisbókhald ásamt grænu bókhaldi. Skiladagur útstreymisbókhalds er 1. maí ár hvert, sá sami og fyrir grænt bókhald

Vakin er athygli á því að umhverfismarkmið fyrir rekstur verksmiðjunnar skulu liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2015 í samræmi við grein 4.1. Ef umhverfismarkmið eru hluti af umhverfisstjórnunarkerfi rekstraraðila er fullnægjandi að vísa til þeirra.

Reykjavík, 07.11.2014



Leifur Þorkelsson

- 1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.
- 2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.